

**558. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 23.  
júní 2020  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR.

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 556 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Kjör á oddvita og varoddvita - 2006315**

Kjör oddvita og eins varaoddvita sveitarstjórnar til eins árs í samræmi við 7. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps nr. 1280/2013.

*Sveitarstjórn kýs samhljóða að Bjarnveig Guðbrandsdóttir verði oddviti sveitarstjórnar og Guðni Ólafsson verði varaoddviti.*

**2. Fjárhagsáætlun 2020-2023 - 1908014**

Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2020-2023 og framkvæmdaáætlunar ársins 2020.

*Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að stilla upp fjármögnun og undirbúningi þeirra verkefna sem sveitarstjórn leggur áherslu á í samræmi við vinnuskjal sem var lagt fram á fundinum og erindi frá byggingafulltrúa dags. 09.06.2020 varðandi lagnir í Íþróttahúsi Tálknafjarðar. Einnig verði horft til lántöku vegna þeirra verkefna sem voru fjármögnuð á árinu 2019 með eigin fé. Tillaga vegna þessa verði lögð fyrir sveitarstjórn á fundi í júlí/ágúst.*

**3. Framkvæmdarleyfi umsókn ný brú yfir Botnsá - 2006273**

Mál frá 47. fundi Byggingar-, skipulag og umhverfisnefndar 11.06.2020 þar sem nefndin leggur til við sveitarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vísar í fund með starfsmönnum Vegagerðarinnar þann 27.02.2020 þar sem sveitarstjórn lýsti yfir eindregnum vilja til að setja jarðgöng milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar á aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps sem er í endurskoðun. Sveitarstjórn leggur til að framtíðarvegstæði í botni Tálknafjarðar verði vestan við byggingar Arctic Smolt í Norður-Botni þannig að vegurinn liggir yfir fjörðinn og upp Höfðadal sem er líkleg staðsetning jarðgangnamunna. Í ljósi þessarar viljayfirlýsingar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps setur sveitarstjórn eftirfarandi*

*skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi fyrir færslu vegs og byggingar brúar:*

*1. Endurnýjun vegar um Mikladal milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar er löngu orðin tímabær og ljóst að vegurinn um Mikladal er orðinn algjörlega ónýtur og hættulegur umferð, sérstaklega umferð stórra bíla sem eykst sífellt og á eftir að aukast enn meir með auknum umsvifum fiskeldis á Vestfjörðum. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps setur sem skilyrði fyrir framkvæmdaleyfinu að Vegagerðin upplýsi sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum strax á þessu ári um þær endurbætur sem Vegagerðin hlýtur að hafa skoðað á þessari leið þannig að sveitarfélögin viti hver stefna Vegagerðarinnar er varðandi þennan vegarkafla til framtíðar.*

*2. Bygging brúarinnar og færsla vegarins er tímabundin ráðstöfun vegna öryggissjónarmiða vegfarenda og miðast eingöngu við að tryggja bætt öryggi og auðveldari akstur um þennan vegarkafla í Norður-Botni sem hefur lengi verið stórhættulegur og slysagildra fyrir vegfarendur. Veiting þessa framkvæmdaleyfis gefur engin frekari viljrði fyrir áframhaldandi vegaframkvæmdum í þessu vegstæði þar sem jarðgöng eru eina skynsamlega framtíðarleiðin milli þessara byggðarlaga.*

*3. Þessi lagfæring vegarkaflans skal aldrei tekin gild sem rök Vegagerðarinnar fyrir drætti eða höfnun á vegabótum samkvæmt stefnu sveitarstjórnar varðandi framtíðarlegu vegarins hvað sem líður kostnaði og afskriftum lagfæringarinnar.*

*4. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ætlast til þess af Vegagerðinni að samtal um jarðgangakost milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar hefjist sem allra fyrst og eigi síðar en næsta vetur 2020-2021 með það að markmiði að koma jarðgöngum á þessu svæði inn í samgönguáætlun eins fljótt og mögulegt er. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mun beita sér fyrir samtali við bæjarstjórn Vesturbyggðar um jarðgöng á þessu svæði strax að sumarleyfum loknum og boða Vegagerðina á sameiginlegan fund við fyrsta mögulega tækifæri í haust til að koma þessum brýnu samgöngubótum á rekspól.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framkvæmdaleyfi fyrir endurbætur á núverandi vegi og lagningu nýs vegar ásamt byggingu nýrrar brúar á Bíldudalsvegi (63) um Botnsá í Tálknafjarðarhreppi með ofangreindum skilyrðum.*

#### **4. Kosningar 2020 Forsetakosningar - 2004546**

Kjörskrá fyrir Tálknafjarðarhrepp vegna forsetakosninga sem fara fram laugardaginn 27.06.2020 lögð fram ásamt bréfi frá Þjóðskrá Íslands dags. 09.06.2020 varðandi Leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofna vegna forsetakosninga.

*Sveitarstjórn staðfestir kjörskrárstofn Þjóðskrár Íslands sem kjörskrá vegna forsetakosninga sem fara fram laugardaginn 27. júní 2020 og felur oddvita að rita undir hana í samræmi við 2. mgr. 24. gr. kosningalaga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra umboð til að taka til meðferðar athugasemdir er kunna að berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar ef við á skv. 27. gr. kosningalaga nr. 24/2000.*

#### **5. Sumarlokun skrifstofu - 1904146**

Tillaga um lokun skrifstofu sveitarfélagsins vegna sumarleyfa sumarið 2002.

*Samþykkt samhljóða að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með mánudeginum 27.07.2020 og opni aftur mánudaginn 10.08.2020 vegna sumarleyfa.*

#### **6. Sumarleyfi sveitarstjórnar - 1904147**

Tillaga um niðurfellingu reglulegs fundar sveitarstjórnar í júlí 2020 vegna sumarleyfis í samræmi við 8. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps nr. 1280/2013.

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 47 - 2005001F**

Fundargerð 47. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar, sem fór fram 11.06.2020, lögð fram til staðfestingar.

*Samþykkt samhljóða.*

7.1 1904091 - Tunguland 2 Jörðin Innsta-Tunga

7.2 2005076 - Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum til umsagnar

7.3 2005196 - Umsókn um breytingu á hlöðuþaki

7.4 2005132 - Stuðningur við fráveituf framkvæmdir - drög að umsögn

7.5 2005001 - Litli-Laugardalur, byggingarleyfi

7.6 1906405 - Fráveitukerfi Tálknafjarðar

7.7 2006273 - Framkvæmdarleyfi umsókn ný brú yfir Botnsá

**17 Fundargerðir 2020 Velferðarráð - 2006296**

Fundargerðir Velferðarráðs nr. 30 frá 22.01.2020 og nr. 31 frá 11.06.2020 lagðar fram.

*Fundargerðir staðfestar.*

**8. Tölfræði vegna atvinnuleysis Vinnumálastofnun á Vestfjörðum 2020 - 2004585**

Upplýsingar frá Vinnumálastofnun dags. 15.05.2020 um atvinnuleysi á Vestfjörðum lagðar fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2020. - 2006287**

Tölvupóstur dags. 09.06.2020 frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um að umsókn um aukið fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2020 hafi verið samþykkt.

*Lagt fram til kynningar.*

**10 Umferðarþing 16. nóvember 2020 - 2006305**

Tölvupóstur frá Samgöngustofu dags. 15.06.2020 þar sem tilkynnt eru um að Umferðarþing verði haldið í Reykjavík mánudaginn 16.11.2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**11 Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga og 20 ára afmælisráðstefna Jafnréttisstofu - 2006321**

Tölvupóstur frá Jafnréttisstofu dags. 19.06.2020 þar sem tilkynnt er að landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga fari fram í Hofi á Akureyri 15.09.2020 og 16.09.2020 í samstarfi Akureyrarbæjar, Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt er boðið til 20 ára afmælisráðstefnu Jafnréttisstofu sem fer fram eftir hádegi 16.09.2020 á sama stað.

*Lagt fram til kynningar.*

**12 Aðalfundur BsVest 2020 - 2006316**

Tölvupóstur frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 16.06.2020 þar sem boðið er til aðalfundar sem fer fram 07.07.2020 í gegnum fjarfundarbúnað. Fram kemur í tölvupóstinum að á aðalfundinum verði kosið í nýja stjórn og varastjórn BsVest.

*Lagt fram til kynningar.*

**13 Þjónusta á tjaldsvæði - 2006329**

Umræður um þjónustu á tjaldsvæði.

*Málið rætt.*

*Lagt fram til kynningar.*

**14 Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111**

Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 423 frá 19.05.2020 og nr. 424 frá 28.05.2020 lagðar fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**15 Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160**

Fundargerð 885. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem fór fram 12.06.2020, lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**16 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf 2020 Ársreikningur 2019 - 2005205**

558. fundur  
24.06.2020

Fundargerð aðalfundar Landskerfis bókasafna hf., sem fór fram 11.06.2020, lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi kl. 20:00.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)

---